

# Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs

## I. kafli Almenn atriði

### 1. gr.

#### Inntak fjárhagsaðstoðar

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Borgarfjarðarhreppur, Djúpavogshreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðar-kaupstaður og Vopnafjarðarhreppur veita einstaklingum og fjölskyldum, sem eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi og geta ekki séð sér og sínum farborða án aðstoðar (sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum) fjárhagsaðstoð til framfærslu enda sé það ekki í verkahring annarra aðila svo sem almannatrygginga, atvinnuleysistrygginga, lífeyrissjóða eða sjúkrasjóða stéttarfélaga.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálanefndar, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Við meðferð og vinnslu umsókna ber að sýna umsækjanda fyllstu virðingu og gæta trúnaðar um málefni hans.

### 2. gr.

#### Tímabil samþykkis

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu greidd einn mánuð í senn, í lok mánaðar og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Aðstæður þeirra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í 6 mánuði samfelld skulu kannaðar sérstaklega og félagslegri ráðgjöf beitt ásamt öðrum viðeigandi úrræðum.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

### 3. gr.

#### Fjárhagsaðstoð aftur í tímann

Fjárhagsaðstoð er aldrei veitt lengra aftur í tímann en tvo mánuði frá því að umsókn var lögð fram.

Rökstuddar ástæður þurfa að liggja að baki ef aðstoð er veitt aftur í tímann og verður skilyrðum reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

4. gr.

#### **Form fjárhagsaðstoðar**

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfu um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Fjárhagsaðstoð telst til skattskyldra tekna. Um frádrátt staðgreiðslu vísast til laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Umsækjandi skal gefa upplýsingar um nýtingu skattkorts áður en fjárhagsaðstoð er greidd út.

5. gr.

#### **Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns**

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi notfæri sér greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða, enda liggi fyrir mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá félagsþjónustunni skal gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu.

Almennt skal hámarkslánstími sem hægt er að samþykkja hjá félagsþjónustunni vera sex ár.

Að öllu jöfn skal ekki veita umsækjanda lán, ef hann hefur fengið afskrifað lán frá félagsþjónustunni/sveitarfélögunum á síðustu 12 mánuðum.

Umsóknum um lán skal vísa til afgreiðslu á verkefnastjórafundi í umboði félagsmálanefndar.

6. gr.

#### **Réttur til fjárhagsaðstoðar**

Fjárhagsaðstoð er veitt einstaklingum og fjölskyldum. Sérhver fjárráða einstaklingur sem á lögheimili í Borgarfjarðarhreppi, Djúpavogshreppi, Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi, Seyðisfjarðarkaupstað og Vopnafjarðarhreppi á rétt á að leggja fram umsókn. Skylt er að veita fólki í neyð sem dvelur í fyrrnefndum sveitarfélögum, en á lögheimili í öðrum, tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess enda endurgreiði lögheimilissveitarfélag aðstoðina.

Fólk sem er í sambúð eða staðfestri samvist á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón.

Einstaklingum sem búa hjá foreldrum eða öðrum nánnum ættingjum skal að jafnaði reikna hálfu grunnfjárhæð á mánuði eða mismun á þeirri upphæð og tekjum þeirra.

Einstaklingar sem eru að afplána dóma eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Sama gildir um einstaklinga sem taka út refsingu í samfélagsþjónustu og þá sem ljúka afplánun utan fangelsis.

Einstaklingar yngri en 18 ára eiga alla jafna ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

7. gr.

#### **Námsmenn**

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna geta að öllu jöfnu ekki sótt um styrk til framfærslu. Aðrir námsmenn eiga ekki kost á framfærslustyrk nema fullnægt sé skilyrðum 23. gr. reglna þessara um námsstyrki.

8. gr.

### **Meðferð við fíknivanda**

Heimilt er að synja umsækjendum um fjárhagsaðstoð séu þeir í neyslu áfengis eða annarra vímuefna, en bjóða aðstoð til að fara í áfengis/vímuefna meðferð. Heimilt er að veita aðstoð vegna meðferðar við fíknivanda s.s. með greiðslu ferðakostnaðar og vasapeninga til einstaklinga sem eru að fara í meðferð. Einnig er heimilt að veita aðstoð vegna dvalargjalds á áfangahæimili.

## **II. kafli**

### **Umsókn um fjárhagsaðstoð**

9. gr.

#### **Umsókn**

Sótt skal um fjárhagsaðstoð á sérstöku umsóknareyðublaði sem hægt er að nálgast á skrifstofu félagsþjónustunnar eða rafrænt á heimasíðu sveitarfélagsins. Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal sl. árs, staðgreiðslufirlit skatta frá tímabili síðasta skattframtals ásamt yfirliti yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsóknin er lögð fram og mánuðinn á undan. Til tekna teljast greiðslur frá Tryggingarstofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingarsjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaganna eða öðrum aðilum.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

10. gr.

#### **Atvinnuleysi**

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu á atvinnuleysi og atvinnuleit sinni frá Vinnumálastofnun. Eigi umsækjandi ekki rétt á atvinnuleysisbótum frá Vinnumálastofnun ber honum að framvísa staðfestingu á því. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann, án viðhlítandi skýringa, ekki skráð sig hjá vinnumiðlun missir hann rétt á fjárhagsaðstoð fyrir það tímabil. Hafi umsækjandi, sem er atvinnulaus, hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu að tilefnislausu skal miða við neyðaraðstoð eða sem nemur 1/3 af grunnfjárhæð þann mánuð sem hann hafnar vinnu/segir starfi sínu lausu svo og mánuðinn á eftir.

11. gr.

#### **Erlendir ríkisborgarar**

Í þeim tilvikum að umsækjandi er erlendur ríkisborgari ber honum að framvísa dvalarleyfi. Sé erlendur ríkisborgari með dvalarleyfi á þeim forsendum að skyldur/tengdur aðili ábyrgist framfærslu hans, á hann að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Upplýsa ber umsækjanda um möguleg neikvæð áhrif veittrar fjárhagsaðstoðar á umsókn um íslenskan ríkisborgararétt skv. 9. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt.

12. gr.

#### **Neyðaraðstoð**

Heimilt er að veita skyndiaðstoð í neyðartilvikum án þess að öll gögn liggi fyrir. Hámark aðstoðar er 1/3 af grunnfjárhæð. Skal þetta gert að mati starfsmanns og í samráði við félagsmálastjóra sé þess kostur.

13.gr.

### **Upplýsingaskylda**

Skylt er að veita starfsmönnum Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs upplýsingar úr skattframtölum og staðgreiðsluyfirliti þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar.

14.gr.

### **Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjenda**

Starfsmaður Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs skal, ef þörf krefur, afla frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Einnig skal afla upplýsinga um önnur atriði, t.d. félagslegar aðstæður, eftir því sem umsókn gefur tilefni til. Ofangreind upplýsingaöflun skal gerð í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka eða að aflað sé upplýsinga hjá öðrum aðilum stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

## **III. kafli**

### **Mat á fjárbörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar**

15.gr.

#### **Mat á fjárbörf**

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal framfærslugrunnur lagður til grundvallar og frá honum dregnar heildartekjur.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á sbr. IV. kafla þessara reglna.

16.gr.

#### **Framfærslugrunnur**

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og getur numið allt að 164.600 kr. á mánuði. Framfærslugrunnur vegna einstaklinga hefur stuðulinn 1,0 en vegna hjóna og fólks í sambúð 1,6 eða 256.500 kr. á mánuði. Ofangreind upphæð breytist í janúar ár hvert samkvæmt samþykkt félagsmálanefndar hverju sinni og almennt með hliðsjón af hækkun neyslúvísitölu milli ára.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu.

17.gr.

#### **Tekjur umsækjanda**

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinum á undan eru taldar með við mat á fjárbörf. Með tekjum er átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka, þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins (nema greiðslur með börnum), greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. og koma þær til frádráttar. Að jafnaði skal miða við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá. Undantekningar frá tekjuviðmiðinu skal leggja fyrir félagsmálanefnd.

Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði þeirra við mat á fjárbörf. Sé sótt um fjárstyrk skv. 21. grein þessara reglna ber að horfa til tekna heimilisins vegna barna.

Húsnæðis- og vaxtabætur eru ekki reiknaðar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsnæðisbóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambylingur, eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og umfram eina fjölskyldubifreið, eða hafi hann nýlega hagnast af sölu eigna sinna, skal honum að jafnaði vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og sparisjóða, þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð. Ef umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili eiga eignir eða eigið fjármagn sem nýst geta til framfærslu á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

18. gr.

#### **Greiðslur meðlags**

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en grunnfjárhæðin skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjú mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

19. gr.

#### **Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar**

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskyldu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur sinn og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysisstryggingar, nr. 54/2006.

20. gr.

#### **Mat á tekjum bænda**

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggja einnig fyrir greiðslumark búsins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bús undanfarna tvo mánuði. Aðstoð skal miða við framfærslugrunn, sbr. 16. gr.

### **IV. kafli**

#### **Heimildir vegna sérstakra aðstæðna**

21. gr.

#### **Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri**

Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til tekjulágra foreldra sem eru með forsjá barna sinna. Um er að ræða aðstoð til að greiða eftirfarandi:

- a) daggæslu barna í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, skólavistun.
- b) sumardvöl og/eða þátttöku barna í þroskandi félags- og tómstundastarfi.
- c) sérstakan kostnað vegna skóla og tómstunda s.s. ferðakostnað, fatnað og skólavörur.
- d) kostnað vegna fermingar.
- e) lækni- og lyfjakostnaðar.
- f) náms 16 og 17 ára barna. Styrkurinn skal miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á a.m.k. sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 30.000,- kr. á mánuði.

Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf í þágu barna, er heimilt að veita foreldrum styrk sem nemur heildarkostnaði eða hluta hans vegna liða a til f hér að ofan. Ávallt skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf.

22. gr.

### **Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð**

Ef sérstök meðferðar og/eða stuðningssjónarmið mæla með því, er heimilt að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki nr. 79/2003 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

23. gr.

### **Námsstyrkir**

Námsstyrki er heimilt að veita einstaklingum sem hafa tekjur við eða undir viðmiðunarmörkum í eftirfarandi tilvikum: Til einstaklinga og einstæðra foreldra 18-24 ára sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa átt við félagslega erfiðleika að stríða.

Aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt almennum skólagjöldum og bókakostnaði.

Að jafnaði skal leggja inn umsókn tveimur mánuðum áður en nám hefst.

Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi fái starfsréttindi eða geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Ákvarðanir um námsstyrk skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

Nemandi skal leggja fram yfirlit yfir skólasókn mánaðarlega og einkunnir í annarlök. Auk þess er starfsmanni félagsþjónustunnar heimilt að kalla eftir frekari upplýsingum um ástundun og námsframvindu. Starfsmaður skal meta námsframvindu miðað við aðstæður hvers og eins. Heimilt er að stöðva greiðslur til einstaklinga sýni þeir ekki fram á 75% námsárangur miðað við fullt nám, s.s. 30 framhaldsskólaeiningar.

Aðstoðin skal vera liður í umfangsmeiri vinnu starfsmanna sem miðar m.a. að því að gera viðkomandi kleift að lifa efnahagslega sjálfstæðu lífi.

24. gr.

### **Greiðsla sérfræðiaðstoðar**

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna:

- 1) læknis- og lyfjakostnaðar
- 2) nauðsynlegra tannlækninga
- 3) kaupa á hjálpartækjum svo sem gleraugum og heyrnartækjum til einstaklinga ef aðrir aðilar gera það ekki.

Umsækjandi þarf að uppfylla 1 af 4 skilyrðum:

- a) hafa verið atvinnu- eða tekjulaus undanfarna 6 mánuði
- b) vera lífeyrisþegi með greiðslur frá TR sem megin tekjur heimilisins
- c) hafa notið framfærslu til lengri tíma
- d) vera tekjulág eða sem nemur mánaðarlegum greiðslum lífeyrisþega hjá TR

Hámark aðstoðar skal vera 60.000 kr. á ári fyrir hvern af þremur ofantöldum þáttum. Kostnaðaráætlun eða reikningur skal ávallt fylgja með umsókn.

Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu fyrir sjúkráþjálfun, iðjuþjálfun, viðtala hjá félagsráðgjöfum, sálfræðingum, geðlæknum og sérfræðingum í fjármálaráðgjöf ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan félagsþjónustunnar eða á vegum heilbrigðisstofnana.

- a) einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.
- b) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum.

Hámark aðstoðar samkvæmt a) og b) er 80.000 kr. á ári.

25. gr.

### Útfararstyrkur

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbú eða framfærsluskyldir aðstandendur geta ekki staðið undir útför hins látna. Hámarksaðstoð er 250.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr. sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reikninga vegna kostnaðar útfarar.

26. gr.

### Áfallaaðstoð

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara. Einnig þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum er heimilt að veita aðstoð til kaupa á búslóð. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið. Hámarksaðstoð er 100.000 kr.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna alvarlegra veikinda nánustu fjölskyldu, barns, maka eða foreldris. Miða skal við að fjárhagur sé þröngur og að um mikla röskun á högum sé að ræða. Aðstoðin skal að öðru jöfnu veitt vegna ferðakostnaðar og upphalds ef aðrir aðilar svo sem Tryggingastofnun ríkisins veita ekki aðstoð. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sæki til skattstjóra um lækkun skatta vegna sömu aðstæðna. Hámarksaðstoð er 250.000 kr.

27. gr.

### Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- a) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.
- b) fyrir liggi yfirlit starfsmanns félagsþjónustunnar eða Umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á.
- c) fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni bæta fjárhagsstöðu umsækjanda þegar til lengri tíma er litið.
- d) fyrir liggi samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

Aðstoð samkvæmt þessari grein er veitt vegna barna, þ.e. leikskólaskuld, skuld vegna skólagæslu og fæðis í skóla og ennfremur vegna húsnæðis, þ.e. húsaleigu, fasteignagjalda, rafmagns og hita, allt að kr. 250.000 á ári fyrir hvert heimili.

28. gr.

#### **Sérstök fjárhagsaðstoð í desember**

Heimilt er að veita þeim sem notið hafa fjárhagsaðstoðar sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð. Heimilt er að veita sérstaka aðstoð vegna barna sem nemur 10.000 kr. á barn. Við útreikning skal draga frá þær tekjur sem umsækjandi hefur umfram viðmiðunarmörk.

### **V. kafli**

#### **Málsmeðferð**

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

29. gr.

#### **Könnun á aðstæðum**

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Félagsþjónustan skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

30. gr.

#### **Samvinna við umsækjanda**

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

31. gr.

#### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.



Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

32. gr.

#### **Leiðbeiningar til umsækjanda**

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflega erindi sem ekki snertir félagsþjónustuna, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

33. gr.

#### **Rangar eða villandi upplýsingar**

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur Félagsþjónustan endurkrafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu málsins að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

34. gr.

#### **Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Matshópur, sem í sitja verkefnastjórar og félagsmálastjóri, metur og afgreiðir eftirfarandi í umboði félagsmálanefndar:

- a) Um það hvort umsækjendur uppfylli skilyrði I. og II. kafla reglna þessara. Umsóknir um lán skulu þó afgreiddar af félagsmálanefnd.
- b) Um það hvort veita skuli fjárhagsaðstoð skv. III. kafla reglna þessara.

Komist matshópurinn ekki að sameiginlegri niðurstöðu um afgreiðslu máls eða ef um álitamál er að ræða sem reglur ná ekki yfir þá skal leggja málið fyrir félagsmálanefnd.

Félagsmálastjóra er alltaf heimilt að vísa ákvörðun til félagsmálanefndar til fullnaðarafgreiðslu, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

Félagsmálanefnd hefur eftirlit með ákvörðunum og kallar reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Félagsmálanefnd tekur aðrar ákvarðanir skv. reglum þessum.

35. gr.

#### **Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð**

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að félagsmálanefnd fjalli um umsóknina.

Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til Úrskurðarnefndar velferðarmála.

36. gr.

### **Málskot og áfrýjun**

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun félagsþjónustunnar til félagsmálanefndar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun um afgreiðslu hennar svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

37. gr.

### **Gildistaka**

Samþykkt í félagsmálanefnd 23. maí 2011

Upphæð framfærslustyrks hækkuð á fundi nefndarinnar 23. janúar 2012

Reglur þessar, með breytingum, samþykktar í félagsmálanefnd 16. apríl 2012

Upphæð framfærslustyrks hækkuð á fundi nefndarinnar 10. desember 2012

Reglur þessar, með breytingum, samþykktar í félagsmálanefnd 21. janúar 2013

Reglur þessar, með breytingum, samþykktar í félagsmálanefnd 28. október 2013

Upphæð framfærslustyrks hækkuð á fundi nefndarinnar 16. desember 2013

Reglur þessar, með breytingum, samþykktar í félagsmálanefnd 17. desember 2014

Reglur þessar, með breytingum, samþykktar í félagsmálanefnd 16. mars 2016

Samþykkt í bæjarráði 6. apríl 2016

Reglurnar taka gildi frá 1. apríl 2016

Upphæð framfærslustyrks hækkuð á fundi nefndarinnar 25. janúar 2017

Upphæð framfærslustyrks hækkuð á fundi nefndarinnar 16. janúar 2018

## Viðauki samkvæmt bókun 10 liðar 183 fundar félagsmálanefndar þann 18. maí 2020

Gildir á meðan í gildi eru ákvæði til bráðabirgða við lög um atvinnuleysistryggingar sem heimilar sjálfstætt starfandi einstaklingi að sækja um atvinnuleysisbætur

Sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að viðkomandi hafi tilkynnt um verulegan samdrátt í rekstri og breytingu á reiknuðu endurgjaldi til launagreiðendaskrár Ríkisskattstjóra (eyðublað RSK 5.02) sem leiðir til tímabundinnar stöðvunar á rekstri. Jafnframt þarf umsækjandi að hafa leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 og reglur viðkomandi sveitarfélags um fjárhagsaðstoð. Taki sjálfstætt starfandi einstaklingur að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu fjárhagsaðstoðar skal hann tilkynna það til Félagsþjónustu Fljótshéraðs enda á viðkomandi ekki rétt á fjárhagsaðstoð á því tímabili sem verkefnið stendur yfir. Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi sé í virkri atvinnuleit. Lagt er til að breytt verklag gildi á sama tímabili og ákvæði til bráðabirgða við lög um atvinnuleysistryggingar sem heimilar sjálfstætt starfandi einstaklingi að sækja um atvinnuleysisbætur enda þótt viðkomandi hafi ekki tilkynnt til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra um lok starfsemi. Sé framkvæmd aftur breytt til fyrra horfs ber að tilkynna viðtakendum stuðnings um það með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.